

Vegagerðin, Norðursvæði
Svæðismiðstöð
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

14. janúar 2026
UOS2501716/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. október 2025 – ID 212

Þann 9. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í bikstöð Vegagerðarinnar á Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Eitt frávik var opið frá síðasta eftirliti er varðaði geymslu á lífolíu í bömbum utan lekaheldrar þróar. Við eftirlitið voru aðeins tómir bambar utan lekaþróar. **Fráviki er lokað.**

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Gera þarf grein fyrir verklagi við tæmingu á affallsvatni úr lekaþró.
2. Koma skal í veg fyrir uppsöfnun úrgangs innan lóðar með því að koma honum til viðeigandi meðferðar eða förgunar með reglubundnum hætti.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Í rekstrarhandbók skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar á stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, þjálfun starfsmanna og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.
2. Gr. 4.7 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka ábrygðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun) tekur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 22/2004. Rekstraraðili gat ekki framvísað tryggingarskírteini í eftirlitinu.

3. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lágsta punkti sem tengt er við olíuskilju. Áfyllingarplan er ekki tengt við olíuskilju.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits